



Borgarráð

### ***Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um Bústaðaveg 151***

Á fundi borgarráðs 28. mars sl. lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*„Lóðirnar Bústaðavegur 151 B og 151 C fóru í útboð en lóð 151 D fór ekki í útboð. Hver fékk Lóð 151 D úthlutaða án útboðs? Hvernig var hann valinn? Hvert var fermetraverðið á lóðunum? Annars vegar á 151 B og 151 C og hins vegar 151 D?“*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Lóð að Bústaðavegi 151 D hefur ekki verið úthlutað. Borgarráð samþykkti þann 5. október 2017 að veita Slippfélaginu ehf. kt. 631209-1650, vilyrði fyrir lóð við Bústaðaveg 151. Vilyrðið var veitt á grundvelli þess að verið er að greiða fyrir uppbyggingu í Vogahverfi 2. Til grundvallar á söluverði byggingarréttarins ef til kemur að borgarráð úthluti þessari lóð til Slippfélagsins er gert ráð fyrir að láta vinna tvö verðmöt fasteignasala sem munu leiðrétast í samræmi við útboðslóðir. Endanlegt verð á lóð að Bústaðavegi 151 D mun því ráðast af tilboðsverðum sem munu berast í Bústaðaveg 151 C og B ásamt mati fasteignasala.

Lóðir 151 B og 151 C hafa verið auglýstar til sölu með útboðsfyrirkomulagi og verða tilboð opnuð 10. apríl nk. Af þessum sökum er ekki komið fermetraverð á þessar lóðir.

Óli Jón Hertervig